

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 398/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB ⁽¹⁾.
- 2) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zzk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„- **32019 R 1242:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).“

2. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21azk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/956):

„- **32019 R 1242:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 21azk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/956):

„21azka. **32019 R 1242:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202.

breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, er orðunum „eða, ef um er að ræða framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum, Eftirlitsstofnun EFTA í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“ í 1. mgr. 4.gr. og 5. gr., 6. gr. og 2. mgr. 9. gr.

b) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 8. gr.:

„Ef framleiðandi er með staðfestu í EFTA-ríki skal Eftirlitsstofnun EFTA leggja á umframlosunargjald koltvísýringsins.

Upphæð umframlosunargjaldsins skal dreift milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA í réttu hlutfalli við skráningu fjölda nýrra þungra ökutækja sem skráð eru í Evrópusambandinu eða EFTA-ríkjunum, hvorum um sig, samanborið við heildarfjölda nýrra þungra ökutækja sem skráður er á EES-svæðinu.“

c) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 8. gr.:

„EFTA-ríkin skulu ákvarða úthlutun upphæða umframlosunargjalds koltvísýringsins fyrir framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum.“

d) Ákvæði þessarar reglugerðar gilda ekki gagnvart Liechtenstein.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1242, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

⁽²⁾ Verður birt.